



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Nefndarsvið Alþingis  
B.t.Sigrúnar Birnu Einarsdóttur  
Efnahags- og viðskiptanefnd  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Alþingi  
Erindi nr. P 126/2091  
komudagur 26.4.2001

HGS/

Rvk. 25.04.2001

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um Seðlabanka Íslands, 675. mál.**

Samtökum atvinnulífsins hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um Seðlabanka Íslands. Með frumvarpinu er lagt til að sjálfstæði Seðlabankans verði aukið í þeim tilgangi að hann geti betur sinnt stjórnun peningamála. Starfsemi bankans verði sett skýrt markmið um að tryggja stöðugt verðlag. Þá eru lagðar til ýmsar stjórnskipulegar breytingar og kveðið á um starfsreglur. Loks verði ríkissjóði óheimilt að taka lán hjá bankanum.

Sú tilhögun í gengismálum sem verið hefur við lýði hér á landi á undangengum áratug, svonefnd mjúk fastgengisstefna, hefur verið á undanhaldi meðal þjóða heims á síðustu árum. Ástæðurnar eru einkum þær að við skilyrði óheftra fjármagnsflutninga getur mikið fjármagn flust til og frá einstökum ríkjum á skömmum tíma með þeim afleiðingum að ekki reynist unnt að viðhalda fastgengisstefnunni. Ef fastgengisstefna missir trúverðugleika getur óstöðugleiki á fjármálamörkuðum siglt í kjölfarið. Flest iðnríki heims sem eru með þróuð fjármálakerfi hafa því verið að færa sig í átt til annars fyrirkomulags, annað hvort myntsamstarfs með ytra flotgengi eða til flotgengis.

Samtök atvinnulífsins telja skynsamlegt að taka upp nýja hætti við stjórn peningamála og setningu skýrs verðbólguþáttmarkmiðs. Sú tilhögun er eðlileg þar sem erfitt er að halda gengi gjaldmiðilsins innan þröngra marka þegar fjármagnsstraumar eru frjálssir. Ýmsar hættur geta þó falist í hinni nýju skipan, einkum meira gengisflökti en áður. Reynslan á næstu misserum mun skera úr um það hvort flotgengisstefna sé hagfelldur kostur fyrir íslenskt atvinnulíf eða hvort huga verði að öðrum kostum fyrir framtíðarskipan Íslands í peningamálum.

Virðingarfyllst,

Hannes G. Sigurðsson, aðstoðarframkvæmdastjóri.